

## AUGLÝSING

165

31. júlí

um breyting á tímaákvörðunum og kærufrestum, er um ræðir í IV. kafla laga nr. 6, 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum frá 10. maí 1943, um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að tímaákvörðanir og frestir samkvæmt 36., 37. og 38. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, skuli breytast svo sem hér segir við álagningu tekju- og eignarskatts, stríðsgróðaskatts og verðlækkunarskatts árið 1943.

Í Reykjavík:

Kærufrestur til yfirs kattaneftndar skal vera til 13. ágúst þ. á.

*Fjármálaráðuneytið, 31. júlí 1943.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Sig. Ólason.*

## REGLUGERÐ

166

31. júlí

um breyting á reglugerð 4. maí 1943, um notkun loftskæptastöðva og talstöðva.

1. gr.

Á eftir 1. gr. reglugerðarinnar komi ný grein, er verði 2. gr., svo hljóðandi:

Loftskæptastöðvar og talstöðvar í erlendum skipum, flugvélum eða öðrum farartækjum má ekki nota innan íslenskrar landhelgi eða lofthelgi og skulu þær innsiglaðar af póst- og símamálastjórninni, þegar erlent skip kemur í íslenska höfn eða erlend flugvél lendir á Íslandi. Þó getur póst- og símamálastjórnin, ef sérstök ástæða þykir til, veitt erlendu fiskiskipi heimild til að nota talstöð sína með svipuðum takmörkunum og í íslenskum skipum, ef hún er að gerð og tilhögun eins og í íslenskum skipum og bundin á tveim föstum bylgjulengdum.

2. gr.

Í stað orðanna „sbr. 10. gr.“ í lok 4. gr. reglugerðarinnar komi: sbr. 13. gr.

3. gr.

Á eftir 5. gr. reglugerðarinnar komi ný grein, er verður 7. gr., svo hljóðandi:

Á höfnum inni mega skip, hvort heldur eru íslensk eða erlend, ekki nota loftskæpta- eða talstöðvasenda né önnur radiosenditæki, nema til áriðandi viðskipta við næstu strandarstöð landssímans, sem þá er opin.

4. gr.

Í stað orðanna „sbr. 6. gr.“ í lok 7. gr. reglugerðarinnar komi: sbr. 8. gr.

5. gr.

Á eftir 9. gr. reglugerðarinnar komi ný grein, er verður 12. gr., svo hljóðandi:

Kostnað við innsiglanir og eftirlit greiði hlutaðeigandi skip eða útgerðarmaður landssímanum samkvæmt gjaldskrá landssímans eða eftir reikningi fyrir það, sem gjaldskráin nær ekki til.